

**Sp. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]**

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, telur Alþingi nauðsynlegt, að gerðar verði þegar í stað ráðstafanir til að draga úr skaðvænlegum afleiðingum hersetunnar, meðan hún varir, og ályktar því að fela ríkisstjórninni eftirfarandi:

1. að krefjast þess, að Bandaríkin fækki nú þegar stórlega herliði sínu hér á landi;
2. að neita Bandaríkjaher um leyfi til byggingar allra frekari herstöðva eða hernaðarmannvirkja á Íslandi;
3. að krefjast brottflutnings allra erlendra verkamanna, sem starfa á vegum hersins og að framkvæmdum í þágu hans;

4. að loka bækistöðvum Bandaríkjahers algerlega, þar til herliðið er flutt af landi brott, og einangra herinn innan þeirra stöðva;
5. að koma nú þegar í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu húsnæði í íbúðum Íslendinga;
6. að sjá svo um, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú eru þar. Meðan Íslendingar starfa innan bækistöðva hersins, sé herinn einangraður frá hinu íslenzka starfslíði og girt fyrir öll ónauðsynleg samskipti þeirra í milli;
7. að stöðva nú þegar rekstur hinnar bandarísku útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli;
8. að sjá að öðru leyti um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.

#### Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari fluttu sömu flm. í upphafi síðasta þings. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Að nýlokinni síðustu heimsstyrjöld, síðla árs 1945, fóru Bandaríki Norður-Ameríku þess á leit við íslenzk stjórnarvöld að fá leigðar herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Þá voru engar viðsjár í milliríkjamálum, enginn styrjaldarótti, ekkert kalt stríð. Mátti því augljóst vera hverjum manni, að Bandaríki Norður-Ameríku höfðu fullan hug á að innlima Ísland í hervirkjakerfi sitt, alveg án tillits til þess, hvort friðvænlega eða ófriðvænlega horfði í heiminum. Ýmsar raddir heyrðust þá í Bandaríkjunum, bæði í blóðum og á þingfundum, þar sem rætt var feimnislaust um nauðsyn þess, að Bandaríkin næðu öruggri og ævarandi herbúnaðaraðstöðu á Íslandi, svo að þau gætu gert það að útvirki sínu.

Þessar óskir Bandaríkjanna um herstöðvar hér til langs tíma vöktu einhuga mótmæli á Íslandi. Stjórnarvöld landsins, allir stjórnsmálaflokkar, fjöldi félagssamtaka og einstaklinga kepptust um að lýsa yfir fullri andstöðu við tilmæli Bandaríkjastjórnar. Hvarvetna kvað við, að herstöðvar í landinu á friðunartímum mundi íslenzka þjóðin aldrei þola. Margir leiddu rök að því í ræðu og riti, ekki síður stjórnsmálamenn en aðrir, að langvinn herseta táknaði afnám sjálfstæðis þjóðarinnar og ógnaði lífi hennar og tilveru.

Bandaríkin sáu brátt, að sú leið, sem þau höfðu ætlað að fara til að ná hér hernaðarlegri fótfestu, var ekki vænleg til árangurs. Tilmæli um herstöðvar á Íslandi til langs tíma voru því látin niður falla, en svipazt um eftir öðrum leiðum til að ná settu marki.

Árið 1946 sneru Bandaríkin sér til íslenzkra stjórnarvalda og fóru þess á leit, að þeim væri látin í té sérstök aðstaða á Keflavíkurflugvelli og heimilað að hafa þar allmikið óeinkennisklætt lið, er lyti amerískri lögsögu. Beiðni þessi var réttlætt með því, að Bandaríkin þyrftu að njóta slíkrar aðstöðu vegna herliðs síns í Þýzka-landi.

Þrátt fyrir öflug mótmæli fjölmargra þegna þjóðfélagsins fengu Bandaríkin óskum þessum fullnægt. Íslenzk stjórnarvöld tóku á sig þá ábyrgð að heimila bandarísku liði dvöl á Keflavíkurflugvelli að þjóðinni algerlega forspurðri.

Árið 1949 sneru Bandaríkin sér enn til íslenzkra stjórnarvalda og mæltust til þess, að Ísland gerðist aðili að svonefndu Atlantshafsbandalagi, hervæðingarsamtökum undir forustu Bandaríkjanna. Íslenzk stjórnarvöld voru fullvissuð um það, að innganga Íslands í bandalag þetta væri nánast formsatriði eitt, eins konar viljayfirlýsing um það, að Íslendingar teldu sig eiga samleið með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum. Var lögð á það sérstök áherzla, að ekkert samningsríki æskti eftir að hafa herstöðvar í öðru þátttökuríki á friðartímum. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hlaut illu heilli samþykki Alþingis. Jafnframt var þó lögð á það megin-

áherzla af stjórn málaforingjum þeim, sem beittu sér fyrir inngöngu Íslands í Atlants-hafsbandalagið, að aldrei mundu leyfðar hér herstöðvar á friðartímum.

Tveimur árum síðar stígu íslensk stjórnarvöld það ógæfuspor að leyfa Bandaríkjunum hersetu á Íslandi. Hinn 5. maí 1951 var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um „hvernd“ Íslands. Var hverndarsamningurinn svonefndi samþykktur af þingmannaliði þriggja stjórn málaflókka, án þess að Alþingi væri kvatt saman, þrátt fyrir skýlaus ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er að orði kveðið, að ekki megi gera neina samninga, er fela í sér afsal eða kvaðir á landi og landhelgi, án samþykkis Alþingis.

Tilmæli Bandaríkjanna árið 1945 um hernaðarbækistöðvar á Íslandi til langs tíma sýndu ljóslega, að þau höfðu hug á að innlima Ísland í hernaðarkerfi sitt til langframa, hvernig sem skipaðist í heimsmálunum. Það var augljóst, að fyrirætlanir þessar stefndu að því að efla yfirráð og auka hernaðarstyrk Bandaríkjanna sjálfra, alveg án tillits til þess, hvað til öryggis horfði fyrir íslenska þjóð. Með hverndarsamningnum 1951 hafði þeim að mestu tekizt að ná því marki, sem stefnt var að 1945. Ísland var orðið hlekkur í hernaðarkeðju þeirra.

Íslensk þjóð er fámenn, en land hennar stórt. Henni er því augljós háski búinn af nánnum samskiptum við þjóðir, sem eru henni margfalt stærri, og þó einkum bráður og geigvænlegur, ef hún á að deila með þeim landi sínu. Formælendur hverndarsamningsins lögðu áherzlu á það í upphafi, að engin þjóðernishætta stafaði af hinu ameríska herliði fyrir það, hve fámennt það yrði og bundið við fáa staði. Hins vegar er augljóst, að til þess að verja Ísland gegn hernaðarárásum öflugs stórveldis yrði að koma upp hervirkjum um gervallt landið og hafa tugþúsunda her að staðaldri í landinu. Hefur og stöðugt verið að því unnið af hálfu Bandaríkjahers, síðan hverndarsamningurinn var gerður, að fjölga hér hernaðarmannvirkjum, efla hernaðaraðstöðu og búa í haginn fyrir aukinn liðsafla í landinu. Hlýtur öllum að vera ljóst, að hverju stefnir, ef svo verður fram haldið. Íslenskri menningu og þjóðerni er stefnt í vísan voða. Spilling sú, siðferðisleg og menningarleg, sem jafnan fylgir langvinnri dvöl herliðs í framandi landi, hefur þegar komið hér fram í mörgum myndum og er nægilega hryggileg orðin, þótt ekki verði á aukið. Einkum er æskulýðnum augljós hætta búin, enda hafa íslensk ungmenni þegar goldið mikið afhroð í samskiptum við hið erlenda herlið. Dæmin um það eru deginum ljósari og fleiri en margir gera sér í hugarlund, að þau samskipti hafa valdið æskufólki ólæknandi bóli og lagt líf þess í rústir.

Atvinnuvegir þjóðarinnar gjalda æ meira afhroð, vegna þess að hernaðarframkvæmdirnar soga til sín vinnuaflið. Alda nýrrar verðbólgu er yfirvofandi, með öllum þeim geigvænlegu afleiðingum fyrir atvinnulífið, sem því eru samfara. Horfumst við Íslendingar nú í augu við þann háska, að lífsatvinnuvegir þjóðarinnar riðlist, byggð landsins sporðreisist og fjárhagskerfið hrynji.

Allt það, sem nú var talið, eru svo dýrar fórnir, að þær eru þjóðinni með engu móti bærar. Þar við bætist, að herseta stórveldis hér á landi og hervirkjagerð er íslenskri þjóð engin vernd, ef svo skyldi til takast, að út brytist heimsstyrjöld. Þvert á móti mundi hin svokallaða vernd auka stórlega þá hættu, að Ísland yrði styrjaldarvettvangur. Herlið styrjaldaraðila og herstöðvar hér á landi mundu aðeins freista til árása af hálfu andstæðingsins, en ekki verða íslensku þjóðinni nokkur vörn. Kæmi til styrjaldar, mundi vafalaust kappkostað að ónýta þau hernaðarmannvirki, sem hér væru, og hlyti það að kalla yfir Íslendinga dauða og tortímingu.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, telja flutningsmenn þessarar til lögu lífsnauðsyn, að tekin verði upp gerbreytt stefna í utanríkismálum, landið losað við allt erlent herlið og því ekki teflt fram, svo sem verið hefur, eins og peði á skákborði stórveldanna. Leggjum við því til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningnum frá 5. maí 1951 og leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er hinn sex mánaða endurskoðunarfræstur, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þá teljum við og sjálfsgagt, að Alþingi láti skýrt og ótvírætt í ljós þann vilja, að Bandaríkjaher verði ekki leyft að koma hér upp frekari herstöðvum eða hernaðarmannvirkjum en orðið er.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, teljum við nauðsynlegt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til að fækka herliðinu til mikilla muna, Alþingi feli ríkisstjórninni að beita í því sambandi ákvæðum 4. gr. samningsins, þar sem svo er að orði kveðið, að það skuli „háð samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.“ Jafnframt sé herliðið, meðan það dvelur hér, algerlega einangrað innan herstöðvanna, og komið sé í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu íslenzkt húsnæði. Útvarpsstöð þeirri, sem Bandaríkjaher hefur rekið á Keflavíkurlugvelli, sé tafarlaust lokað, enda brýtur sú starfsemi í bág við gildandi lagaákvæði um einkarétt íslenzka ríkisins til útvarpsrekstrar hér á landi. Þá verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að íslenzkir atvinnuvegir geti sem fyrst tekið í þjónustu sína alla þá Íslendinga, sem nú vinna á vegum herliðsins, og að því stefnt, að þar verði engir íslenzkir menn að störfum í þágu Bandaríkjahers að ári liðnu. Loks teljum við ástæðu til þess, að Alþingi brýni það fyrir ríkisstjórninni að sjá að öðru leyti svo um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.“

Eins og fyrr segir, var tillaga þessi flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Flm. telja, að öll hin sömu rök, sem þá voru fram flutt fyrir nauðsyn þess að segja upp hverndarsamningnum og losna við allt herlið af íslenzkri grund, séu enn í fullu gildi. Síðan hafa og gerzt þeir atburðir, bæði innanlands og í alþjóðamálum, sem opnað hafa augu enn fleiri Íslendinga en áður fyrir þeirri staðreynd, hver voði þjóðinni er búinn af því, að land hennar hefur verið gert að herstöð.

Hinn 1. marz síðastliðinn má vera gervöllu mannkyni eftirminnilegur. Þann dag framkvæmdu Bandaríkjamenn vetnissprengjutilraun þá á Kyrrahafi, sem í einu vetfangi gerði mönnum ljóst, hve ólýsanlegar skelfingar yrðu kallaðar yfir heiminn, ef til atómstyrjaldar skyldi draga, og sýndi eðli allrar „vopnaverndar“ í því ljósi, að jafnvel blindir hlutu að fá sýn. Tugir japanskra fiskimanna fórust, áhafnir margra fiskibáta urðu fyrir hættulegum geislaverkunum, og hundruð manna á eyjum í nær 500 km fjarlægð frá sprengingarstað biðu tjón af geislaáhrifum. Japanskir sjómenn, sem voru 120 km frá tilraunastað, komu að landi með allan líkamann svartan af brunasárum, og fiskarnir, sem þeir höfðu veitt, voru svo eittraðir af geislaáhrifum, að þeir reyndust banvænir. Fiskiskip í allt að þúsund kílómetra fjarlægð frá tilraunastöðvunum urðu geislavirk. Hættusvæðið var talið um 300 þúsund ferkílómetrar, þrefalt stærra en allt Ísland.

Atburðir þessir sönnuðu svo ljóst sem verða má, í hvílíkan háska þeim þjóðum er stefnt, sem eiga í landi sínu útvirki hugsanlegra styrjaldaraðila — útvirki, sem nothæf eru og ætluð til árása í styrjöld. Er naumast ráð fyrir því gerandi, að nokkur maður sé svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að hinar svokölluðu „varnarstöðvar“ á Íslandi eru íslenzku þjóðinni engin vörn, heldur voðinn sjálfur, ef atómvopnum verður beitt í styrjöld. Hér á landi hafa verið gerð mikil hernaðarmannvirki, sem bandarískir hernaðarsérfræðingar og bandarísk blöð hafa verið ófeimin að lýsa yfir að ætluð séu til árása á meginland Eyrópu í hugsanlegri styrjöld. Slíkar árásir mundu kalla gagnárásir yfir Ísland, tortímandi kjarnorku- eða vetnissprengjuárásir, sem þurrkuðu árásarstöðvar Bandaríkjanna út — og tortímdu íslenzku þjóðinni um leið. Menn víta af biturri reynslu, að eftir að út í hildarleik styrjaldar er komið, eru litlar líkur til þess, að styrjaldaraðili, sem berst fyrir tilveru sinni, spyrði um það, hvað um Íslendinga yrði. Ekki hlífðu Bandaríkjamenn Nagasaki og Hiróshima. Bjó þar þó fleira fólk en á Íslandi, og styrjöldinni nálega lokið, er sigurvegararnir vörpuðu helmsprengjum sínum yfir þær borgir.

Án herstöðva á Íslandi mundu hins vegar hverfandi líkur til þess, að hér yrði varpað kjarnorku- eða vetnissprengjum. Þeim verður naumast fleygt út í bláinn,

heldur yrðu skotmörkin fyrst og fremst þeir staðir, er þættu hernaðarlega mikilvægir og þeim áráðarhætta stafaði frá.

Aðrar þjóðir hafa þegar dregið ýmsar rökréttar ályktanir af þeim staðreyndum, sem hér hafa verið raktar. Alheimsathygli vöktu þau tíðindi, er Bretar ákváðu nú í sumar að hverfa brott með her sinn frá Súzeiði eftir sjö áratuga hersetu í landinu. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, rökstuddi þessa ákvörðun stjórnar sinnar á þá lund, að hin öra þróun hernaðartækni á síðustu árum og tilkoma vetnissprengjunnar hefði gerbreytt öllum aðstæðum og hernaðaráætlunum. Af þeim sökum væri herstöðin á Súzeiði ekki aðeins orðin gagnslítill, heldur blátt áfram stórhættuleg. Eigi þyrfti nema eina vetnissprengju til að þurrka út allar herstöðvar Breta á þessu svæði og tortíma þar hverju mannsbarni. Komst Churchill m. a. að orði á þessa leið: „Í herstöðinni við Súez sitja 80 þúsundir manna. Hið 8000 ferkílómetra landsvæði, sem hlaðið er mönnum og hergögnum, er sitjandi önd í dauðafæri í vetnissprengjuárás.“

Kjarnorkufræðingar og aðrir visindamenn hafa lýst því eftirminnilega, hve gífurlegum breytingum tilkoma vetnissprengjunnar hefur valdið á sviði hernaðartækni, og þó einkum hervarna. Má í því sambandi benda á stóratyglisverðan greinaflokk eftir brezka eðlisfræðinginn og Nóbelsverðlaunahafann P. M. S. Blackett, er birtist nýlega í brezka blaðinu The New Statesman and Nation. Færir hann þar óbyggjandi rök að því, að gegn vetnissprengjuárásum séu engar varnir til, sem hafi nokkurt raunhæft gildi, nema takast mætti að tryggja það, að engin óvinaflugvél kæmist í námunda við sprengjumarkið. Jafnframt sýnir hann fram á það, að svo öflugum vörnum verði nálega hvergi við komið, hversu gífurlegum fjármunum og mannafla sem til þess yrði varið. Því næst kemst hann þannig að orði:

„Önnur mikilvæg afleiðing af fullkomnun vetnissprengna, bæði í austri og vestri, er sú, að mjög dregur úr hernaðarlegu gildi margra flugstöðva á hættusvæðum handan hafis. Sé vafamál, að stöðvar á Bretlandseyjum verði varðar, hversu miklu síður mun takast að verja stöðvar á Íslandi, Tyrklandi, Kýpur, fyrir botni Miðjarðarhafs, á Filippseyjum, Formósu eða Japan. . . . Jafnvel þótt sjálf herstöðin væri nægilega varin, er ekki líklegt, að svo yrði um borgir þess lands, sem herstöðvarnar eru í. Þannig gætu Rússar beitt hinni miklu ógnun. Þeir gætu hótad kjarnorkuárásum á nálægar borgir, ef — og þá aðeins ef — hlutaðeigandi ríkisstjórn hefði leyft bandarískum eða brezkum kjarnorkusprengjuflugvélum not af stöðvum til kjarnorkuárása á rússneskt land. Það er enginn efi, að við vissar aðstæður væri hægt að knýja fram afnám margra framstöðva með þessum hætti. Þannig geta Atlantshafsríki neyðzt til þess að treysta í vaxandi mæli á tiltölulega öruggar stöðvar í Bandaríkjunum sjálfum eða útvirki í lítt byggðum löndum, þar sem ekki þarf að taka tillit til óbreyttra borgara. Afnám herstöðvanna við Súez, með því gífurlega fjármagni, sem þar hafði verið lagt í herstöðvar, mun því að líkindum verða fordæmi til eftirbreytni annars staðar.“

Þessi ummæli hins heimsfræga visindamanns hljóta að verða okkur Íslendingum ærið umhugsunarefni. Af þeim verða dregnar þær ályktanir fyrst og fremst, að ókleift muni reynast að verja herstöðvar á Íslandi gegn vetnissprengjuárásum, en dvöl og viðbúnaður erlendis herliðs kalli yfir íslenzku þjóðina ægilega tortímingarhættu.

Í alþjóðamálum hafa og gerzt önnur mikilvæg tíðindi, er friður var á liðnu sumri saminn í Indó-Kína eftir átta ára látlausu styrjöld. Má því telja, að ekki hafi um langt skeið verið öllu friðvænlegra í heiminum en nú. Eins og alkunnugt er, var einkum reynt að réttlæta herstöðvasamninginn með því, að mjög ófriðlega liti úti í heiminum vegna þeirrar hættu, sem stafaði af styrjöldinni í Kóreu. Eftir að friður komst á í Kóreu, vitnuðu formælendur hernámsins til þess, að enn geisaði ófriður í Indó-Kína og gæti breiðzt út. Nú er vopnaviðskiptum lokið þar einnig, og ekki verður annað sagt en viðsjár og tortryggni fari heldur rénandi. Það er því tími til þess kominn, að þeir, sem allt til þessa hafa mælt hersetunni bót á þeim forsendum, að

ófriðareldur logaði í heiminum, endurskoði afstöðu sína til herstöðva á Íslandi. Það hafa ýmsir þegar gert og komið að þeirri niðurstöðu, að allur her eigi að hverfa héðan á brott svo skjótt sem verða má. Koma þeir nú til liðs við alla þá, sem allt frá upphafi höfðu gert sér þess fulla grein, hvílikur voði herstöðvar eru. Þessi vaxandi skilningur á eðli málsins kemur glöggur í ljós í sambandi við undirskriftasöfnun þá, sem nú fer fram um land allt til að krefjast uppsagnar herstöðvasamningsins og brottfarar hersins. Þar vinna hlið við hlið menn úr öllum stjórnmalaflokkum, og áhrifamenn úr röðum eins þeirra flokka, er að hernáminu stóðu, Alþýðuflokksins, eru meðal forgöngumanna þess máls. Nú er tími til þess kominn, að úr því fáiast skorið, hvort þingmenn hernámsflokka virða algerlega að vettugi allar staðreyndir þessa máls, sem nú liggja ljósari fyrir en nokkru sinni áður.

Að lokum skal minnzt örfáum orðum á samningabóf það, sem utanríkisráðherra átti í síðastliðinn vetur og vor við Bandaríkjastjórn varðandi framkvæmd hernáms-samningsins. Eins og kunnugt er birtust niðurstöður þeirra viðræðna seint í maí-mánuði í vor, eftir nær fjögurra mánaða þóf. Varð niðurstaðan enn vesælli en jafnvel þeir, sem við minnstum árangri bjuggust, höfðu gert sér í hugarlund, og var þó ekki gæfulega til samningagerðarinnar stofnað. Hefðu forustumenn Framsóknarflokksins mælt það af fullum heilindum, að þeir vildu knýja fram verulegar endurbætur á framkvæmd herstöðvasamningsins, áttu þeir engan sterkari leik á borði en þann að láta Alþingi í þingsályktunartillöguformi láta álit sitt í ljós og marka stefnuna um þær kröfur, sem fram yrðu bornar. Slik samþykkt Alþingis hlaut að vera hinn sterkasti bakhjallur, sem fáanlegur var við samningagerð, ef einhver alvara fylgdi tali Framsóknarleiðtoganna um bættu framkvæmd herstöðvasamningsins. En ekkert slíkt máttu þeir heyra nefnt. Nú er og í ljós komið, svo glöggur sem verða má, að bak við glamuryrði utanríkisráðherra og flokksbræðra hans um umbætur á framkvæmd samningsins hefur engin alvara búið. Samkomulag það, sem utanríkisráðherra tilkynnti 26. maí að gert hefði verið milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, er hið vesælasta plagg, að mestu leyti orðafroða og loðmulla, þar sem naumast er bitastætt. Nálega eina breytingin, sem máli skiptir, er sú, að ákveðið er, að Hamiltonfélagið hætti störfum hér á landi. Þó eru ákvæðin um það atriði einnig svo óljós, að vafalaust má gera ráð fyrir því, að þess muni langt að bíða, að félag þetta hverfi héðan að fullu. Jafnframt hefur það „áunnizt“ við samningagerðina, að gæðingar stjórnarflokka beggja og sjálft íslenzka ríkið verða arftakar Hamiltonfélagsins og fá að sitja að gróðaaðstöðu þeirri, sem það félag hafði. Sá er því hinn raunverulegi árangur af samningamakki ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjastjórn, að tekizt hefur að tengja helztu gróðamenn og gróðafélög landsins órofaböndum við hernaðarframkvæmdir, sem nú eru stórfelldasta gróðalind þessara aðila. Hámarkinu er náð með því, að gera ríkissjóð að hluthafa í fyrirtæki hermangara þeirra, sem raka saman fé á hervirkjagerð.

Öll rök hníga í eina átt: Íslenzku þjóðinni er það lífsnauðsyn, að land hennar sé ekki útvirki framandi stórveldis. Því ber að segja upp herstöðvasamningnum og krefjast brottfarar alls herliðs af íslenzkri grund.